

102

29. júní

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu frá 27. des. 1956 um notkun heimildar í lögum frá 27. des. 1956 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka gildandi viðauka á stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, sbr. b-lið 1. gr. l. nr. 93/1956, úr 140% niður í 100%.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. júlí 1957.

Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

103

1. júlí

REGLUGERÐ

um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Tollstjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda upp í skatta yfirstandandi árs með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, fjárhæð jafnháa helmingi þeirra þinggjalda, er honum bar að greiða næstliðið ár.

Eftirstöðvar þinggjalda hinn 1. ágúst ár hvert er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

2. gr.

Nú hafa tekjur gjaldanda á skattárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á fyrirframgreiðslunni samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi innheimtumenn ríkissjóðs ákveða lækkunina, enda sanni gjaldandi fyrir þeim með vottorði skattyfirvalda, að tekjur sínar á skattárinu séu minnst 30% lægri en árið áður.

3. gr.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta er lokið, að gjaldandi hafi þegar greitt meira en álögðum skatti nemur, skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt er ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Um fyrirframgreiðsluna gilda ákvæði tekju- og eignarskattslaga um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupi launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda frá og með þinggjöldum ársins 1958.

6. gr.

Að því er varðar þinggjöld ársins 1957 þá er heimilt að innheimta þau hjá hverjum gjaldanda með sex jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember 1957, svo og 2. janúar og 1. febrúar 1958.

Nú hafa skattar þessa árs ekki verið ákveðnir hinn 1. ágúst 1957 og er þá heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda hinn 1. ágúst 1957 $\frac{1}{2}$ hluta þess þinggjalds, er honum bar að greiða á árinu 1956.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. l. nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. málsg. 102. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekju- og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1957.

Eysteinn Jónsson.

Jón Skaftason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. júlí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar
og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur og er stofnaður til minningar um þau hjón af niðjum þeirra og fósturbörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 21500.00.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal ávaxta hann í aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands, í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan hátt eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Höfuðstólinn skal auka með því að leggja við hann árlega hluta af vöxtunum, svo sem greint verður hér á eftir, svo og með gjöfum og áheitum og á annan hátt eftir því, sem sjóðstjórnin ákveður.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna afrek búenda innan Norður-Ísafjarðar-sýslu eins og hér greinir:

- Fagra og hagfellda húsaskipun og húsagerð á býlum búenda, gott viðhald húsa og vel hirt umhverfi þeirra, svo og snyrtilega umgengni utan húss og innan.
- Góða gerð og hirðingu matjurtagarða og skrudgarða.
- Vel gerð skjólbelti af trjám og runnum um tún og akra búenda svo og vel gróðursettan og varin nytjaskóg.

Má verðlauna afrek, sem lýst er í einhverjum ofangreindra stafliða a—c., ef það þykir þess vert að dómi sjóðstjórnarinnar.